



## FUNDARGERÐ

**251. fundur Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs  
haldinn Suðurlandsvegi 1-3 , mánudaginn 10. nóvember 2025  
og hófst hann kl. 16:30.**

### Fundinn sátu:

Eggert Valur Guðmundsson, Nanna Jónsdóttir, Tómas Birgir Magnússon, Valtýr Valtýsson, Hulda Karlsdóttir, Jón G. Valgeirsson og Víðir Reyр Þórsson.

**Fundargerð ritaði:** Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri.

Nanna situr fundinn í fjarfundi.

Haukur Þórðarsson verðandi framkvæmdastjóri sat fundinn.

Klara Viðarsdóttir, fjármálastjóri, sat fundinn undir liðum 5-7.

### Dagskrá:

#### 1. Sorpbrennslustöð - Sorporka ehf. - 2312018

Á fundinn mæta Stefán Guðsteinsson og Ármann Kr. Ólafsson frá Sorporku og Stefán Gíslason frá Environice til að fara yfir mögulegar útfærslur á uppröðun brennslulínu o.fl.

Jafnframt er lögð fram drög að þjónustusamningi með athugasemdum sem SOR þyrfti að skoða í tengslum við verkefnið.

Stjórn þakkar fyrir góða kynningu.

#### 2. Umhverfismat - endurskoðun - 2504011

Á fundinn mætir Stefán Gíslason frá Environice til að fara yfir drög að umhverfismatskýrslu vegna sorporkuvers á Strönd.

Stjórn þakkar fyrir góða kynningu og samþykkir að skýrslan verði send til Skipulagsstofnunar.

#### 3. Ýmsar upplýsingar úr daglegum rekstri 2025 - 2502036

Víðir Reyр Þórsson framkvæmdastjóri SOR fór yfir ýmis rekstrarmál sem tengjast SOR. Verkfræðistofan Cowi er að vinna að hönnun á lokafrágangi urðunareinar á Strönd. Í framhaldi af því þarf að fara í endurskoðun á starfsleyfi á Strönd.

#### 4. Rekstraryfirlit 2025 - SOR - 2504071

Farið yfir rekstrar- og fjárfestingaryfirlit janúar-september 2025.

Lagt fram til kynningar.

**5. Fjárhagsáætlun 2025 - Viðauki - 2511073**

Lagður fram viðauki við fjárhagsáætlun 2025. Helstu breytingar skv. honum er að gert er ráð fyrir að tekjur hækki um 25,2 m.kr vegna aukins móttækis úrgangs og hærri flutningsjöfnunar. Þá hækka laun um 16,4 m.kr vegna fjölgunar stöðugilda og uppgjors, annar rekstarkostnaður hækkar um 6,7 m. kr. og afskriftir lækka um 3,9 m. kr. Gert er ráð fyrir að fjárfesting hækki úr 43. m. kr. í 60,5 m.kr. Áhrif á rekstarniðurstöðuna er jákvæð um 6 m.kr.

Stjórn samþykkir viðaukann og vísar honum til staðfestingar aðildarsveitarfélaga.

**6. Gjaldskrá 2026 - 2510023**

Tillaga að gjaldskrá 2026 lögð fram. Lagt er til að sorphirðu- og sorpeyðingargjöld hækki um 3,5%. Móttökugjöld á gjaldskyldum úrgangi hækka ekki nema blandaður heimilisúrgangur hækkar um 9% vegna hækkunar á afsetningu. Þá er lagt til að óhreint landbúnaðarplast flokkist eins og blandaður úrgangur og tekið vélagjald vegna affermingar á Strönd.

Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi gjaldskrá og vísar henni til afgreiðslu aðildarsveitarfélaga.

**7. Fjárhagsáætlun 2026 - 2510022**

Fjárhagsáætlun 2026 lögð fram. Gert er ráð fyrir að tekjurnar verði 291,8 m.kr. og gjöld fyrir utan fjármagnsliði 293 m.kr. Gert er ráð fyrir að veltufé frá rekstri verði 29,9 m.kr. og að fjárfestingar á árinu 2026 verði 68 m.kr.

Fjárhagsáætlun er samþykkt og vísað til staðfestingar aðildarsveitarfélaga.

**8. Villikettir á Suðurlandi - styrkbeiðni - 2510251**

Lagt fram erindi frá Villiköttum á Suðurlandi þar sem óskað er eftir styrk til að standa straum að kostnaði vegna veiða og umsýslu á villiköttum á Strönd.

Stjórn hafnar því að taka þátt í kostnaði vegna veiða og umsýslu á villiköttum á Strönd.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:00.**

  
Eggert Valur Guðmundsson

  
Nanna Jónsdóttir

  
Tómas Birgir Magnússon







## Gjaldskrá um meðhöndlun úrgangs á svæði Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.

### 1. gr.

#### Heimild

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Sorphirðugjald og sorpeyðingargjald innheimtast með álögðum fasteignagjöldum ár hvert. Gjöld skv. 2.-4. gr. taka breytingum skv. vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í upphafi hvers árs.

### 2. gr.

#### Sorphirðugjald

Innheimta skal sorphirðugjald af öllu íbúðarhúsnæði skv. eftirfarandi álagsgrunni.

Ílátastærð	Grátunna	Blátunna	Græntunna	Lífræn tunna
240 l ílát	17.600 kr.	5.900 kr.	5.900 kr.	5.900 kr.
660 l ílát	52.600 kr.	17.600 kr.	17.600 kr.	
140 l ílát	10.200 kr.			3.400 kr.

Sorphirðugjald fyrir grunneiningu íláta er **kr. 29.400** og inniheldur 240l blátunnu, 240l grátunnu, 240l græntunnu og brúnt ílát í tunnu fyrir lífrænan úrgang. Hægt er að fá fleiri og/eða stærri ílát.

### 3. gr.

#### Sorpeyðingargjald

Innheimta skal sorpeyðingargjald **kr. 31.600** af öllu húsnæði í Rangárvallasýslu, þ.e. íbúðar-, fristunda-, og atvinnuhúsnæði. Sorpeyðingargjald tekur til reksturs sorpkerfisins, s.s. rekstur grenndarstöðva, móttökustöðvar og förgunar- og endurvinnsluleiða. Greiðsla þess veitir viðkomandi aðilum aðgengi að sorpkerfinu og afsetningu á heimilisúrgangi. Rekstraraðilar sem afsetja rekstrarúrgang á móttökustöðinni Strönd vegna atvinnureksturs skulu greiða fyrir það, sjá 4. gr. Gjaldtaka á Strönd er ekki hluti af sorpeyðingargjaldi sveitarfélagsins.

### 4. gr.

#### Gjaldtaka á móttökustöð

Gjaldtaka á móttökustöð miðast við þyngd og tegund úrgangsmagns sem afsett er.

Úrgangstegund	kr. kg. án. vsk	kr. kg. m. vsk	Gjaldskyldir
Blandaður heimilisúrgangur	60	74	Fyrirtæki/einstakl.
Grófur úrgangur - pressanlegur	72,5	90	Fyrirtæki/einstakl.
Grófur úrgangur til flokkunar	85	105	Fyrirtæki/einstakl.
Harðplast með úrvinnslugjaldi (s.s brúsar, fötur)	5,5	7	Fyrirtæki/einstakl.
Heimilisplast	5,5	7	Fyrirtæki
Blandaður pappír/pappi	18	22	Fyrirtæki

Bylgjupappír	5,5	7	Fyrirtæki
Tímbur hreint	15	19	Fyrirtæki/einstakl.
Tímbur litað	25	31	Fyrirtæki/einstakl.
Garðaúrgangur, trjábolir, greinar og jarðvegur	5	6	Fyrirtæki
Óvirkur úrgangur (gler, flísar, postulín o.fl.)	15	19	Fyrirtæki/einstakl.
Dýraleyfar	40	50	Fyrirtæki/einstakl.
Lífrænn heimilísúrgangur	27	33	Fyrirtæki
Heyrúlluplast, áburðarpokar – hreint		0	
Hjólbarðar		0	
Málmar		0	
Spilliefni, raftæki		0	
Heimsendur gámur, flokkaður – 40.000 kr. m.vsk			Einstakl.
VélaVinna vegna losunar undir 1 rúmmetra	2.419	3.000	Fyrirtæki/einstakl.
VélaVinna vegna losunar yfir 1 rúmmetrum	4.838	6.000	Fyrirtæki/einstakl.

Heimilt að leggja á lágmarksgjald fyrir eðlislétt sorp (t.d. einangrunarplast) kr. 1.200 m<sup>3</sup>

Heimilt er að innheimta útlagðan förgunarkostnað sem hlýst af móttöku spilliefna.

Heimilt er að leggja 10.000 kr gjald á aðila er verða uppvísir að losun úrgangs fyrir utan grenndargáma

Óflokkaðir ferðavagnar og heitir pottar tilheyra grófum úrgangi til flokkunar.

Óhreint landbúnaðarplast tilheyrir blönduðum heimilísúrgangi.

Ef óflokkað er í heimsendan gám skal greitt skv. þyngd innihaldsins. Heimsendir gámar eru einungis fyrir íbúa í Rangárvallasýslu.


Klippikort með 5 m<sup>3</sup> af gjaldskyldum úrgangi er í boði fyrir þá sem greiða sorpeyðingargjald.

## 5. gr.

### Samþykki og staðfesting

Gjaldskrá þessi var samþykkt á fundi stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. þann 10.11.2025 og staðfest af sveitarstjórnnum þeirra sveitarfélaga sem reka Sorpstöð Rangárvallasýslu. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1475/2024

Strönd 2025



Eggert Valur Guðmundsson,

formaður stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.